

Millisvæðamótið
Smysloff í efsta sæti

Úrslit í 8. umferð millisvæðamótsins í skák sem haldið er í Sviss urðu þessi: Smyloff vann Castro, Petrosjan vann Sosonko, Tal vann Hübner og jafntefli var hjá Matanovic og Lombardy, en aðrar skákir fóru í bið.

19 umferðir verða í mótinu og nú er staða efstu manna þannig eftir 8 umferðir: Smyloff 6 v., Larsen 5 1/2 og ein biðskák, Petrosjan 5 1/2, Byrne 5 og ein biðskák, Hubner 4 1/2 og ein biðskák, Matanovic 4 og ein biðskák.

„Reykjavík liðinna daga“ á Kjarvalsstöðum

Óskar Gíslason sýnir ljósmyndir frá því fyrir aldamót

Óskar Gíslason opnar ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum n.k. laugardag og er sýningin haldin í tilefni af 50 ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands. Nefnist sýningin „Reykjavík liðinna daga“, en elsta myndin á henni er frá því fyrir aldamót.

Óskar sagði, að allar myndirnar væru til sölu, en flestar hafa þær ekki sést fyrr opinberlega. Kostar hver mynd 10 þúsund krónur, en þær eru allstórar. Þana má sjá myndir af bæjarlífinu í Reykjavík frá aldamótum, myndir úr gömlum leiksyningum, úr atvinnulífinu, af ýmsum viðburðum, þekktu fólki og fleira. Auk Óskars hafa þeir Magnús Ólafsson, Sigfús Eymundsson, Pétur Brynjólfsson, Ólafur Magnússon og fleiri tekið myndirnar.

Elstu myndir Óskars eru frá 1915, en ári síðar hóf hann nám í ljósmyndun. Allmargar myndanna eru unnar eftir ljósmyndum í eigu Þjóðminjasafnsins.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður, aðstoðaði Óskar við val flestallra ljósmyndanna, en Björn Björnsson leikmyndateiknari aðstoðaði við uppsetningu sýningarinnar. Í tengslum við sýningu Framhald á 14. síðu.

Rangfærslur borgarstjóra bornar til baka

Þjóðviljinn skuldar ekki gatnagerðargjald

Í gær skeiðar borgarstjórnin í Reykjavík, Birgir Ísleifur Gunnarsson, í ljósmál á síðum Dagblaðsins, og lætur þar hafa eftir sér lygi eina gegn betri vitund sinni.

Tilefni þess, að borgarstjórnin kemur í ljósmál er það, að hann var að afsaka óreiðuskuld sjálfstæðismanna við borgarsjóð fyrir gatnagerðargjöld af sjálfstæðishúsinu, sem um síðustu áramót nam 2.9 milljónum króna og var til ódagsettur vixill fyrir upphæðinni, hún löngu gjaldfallinn en vixillinn ekki settur í innheimtu, sem gert er við vixla heidarlegs fólks, heldur geymdur ofan í

skúffum hjá borgarstjóra í Austurstræti.

Þegar Þorbjörn Broddason borgarfulltrúi Alþýðubandalagsins, skýrði frá þessu á síðasta borgarstjórnarfund, stóð borgarstjóri á fætur, glotti kalt og sagði eitthvað á þá leið að ekki færist Þorbirni að tala um að Sjálfstæðisflokkurinn ætti vanskilavixil, því Þjóðviljinn væri líka í vanskilum við borgina. Og þá átti allt að vera í lagi og allir að þegja því samsektin var augljós!

Þorbjörn svaraði borgarstjóra því, að í fyrsta lagi hefði skuld Þjóðviljans á gatnagerðargjöldum ekki verið gjald-

fallin um áramót og því væri ekki um óreiðuskuld að ræða. Í öðru lagi hefði Þjóðviljinn samþykkt vixil fyrir þessum gjöldum þegar þau féllu í gjald-daga, og nú væri þessi vixill greiddur.

Borgarstjórnin vissi því vel að því að hann fór með lygi ein-tóma þegar hann ræddi við blaðamann Dagblaðsins og sagði frá skuld Þjóðviljans.


Að sögn Ólafs Jónssonar, formanns útgáfufélags Þjóðviljans, var á vordögum samþykktur vixill til 14 daga fyrir seinni hluta gatnagerðargjalda og var vixillinn að upphæð 1,4 milljónir króna. Var þetta gert



Birgir Ísl. Gunnarsson.

meðan verið var að ganga frá lóðarsamningum fyrir húsið. Vixill þessi var svo greiddur á réttum gjalddaga, 14 dögum eftir að hann hafði verið samþykktur, og því er Þjóðviljinn skuldlaus við borgina í þessu til-liti.

Sjálfsgt mun endurprentun á lygi borgarstjórans birtast í Morgunblaðinu í dag, og er því heimilt að nota ofanskráða frá-sögn sem leibréttingu á laugar-dagsblaðinu. —úþ.



Óskar Gíslason við myndir sem hann tók af Skólavörðuholti, þær efri eru teknar árið 1915, þegar Óskar var 14 ára, og þær neðri 60 árum síðar.

Úrskurður kjaranefndar
Lögreglu-menn telja sig hlunnfarna

Sameiginlegur fundur stjórnar og samninganefndar Landsbands lögreglumanna lýsir undrun sinni og mikilli óánægju með úrskurð kjaranefndar, sem er slíkur, að tæplega hefði orðið lögreglumönnum óhagstæðara að selja samninganefnd ríkisins sjálfðæmi í málinu.

Fyrir kjaranefnd lá rökstudd krafa um leibréttingu á kaupskerðingu á síðasta samnings-tímabili, sem nema mun 8-10% miðað við aðra ríkisstarfsmenn. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins, hafði ekki mótmælt þessari kröfu fyrir kjaranefnd, og raunar höfðu fulltrúar ríkisins viðurkennt kröfuna í samningavíðræðum, en látið að því liggja, að æskilegra væri að þessi leibrétting kæmi með úrskurði kjaranefndar. Það verður því ekki skilið, hvernig dómur Framhald á bls. 14.

KÆRU-FRESTUR
Kerufrestur vegna álagðra gjalda er til 5. ágúst.

Megum búast við vöruverðshækkun

Ljóst er, að almenningur má búast við nokkurri og þá almenri vöruverðshækkun á næstu dögum. Ástæðan er hækkun uppskipunargjalda og pakkhúsleigu við höfnina.

Að sögn Valtýs Hákonarsonar, skrifstofustjóra Eim-

skipafélags Íslands, hækkadi uppskipunargjald um 30% og pakkhúsleiga um 20% þann 7. júlí síðast liðinn.

Sagði Valtýr mest af þessari hækkun stafa vegna hækkunar vinnulauna svo og vegna hækkunar á viðlegugjöldum í höfninni. Síðasta hækkun af þessu tagi var gerð fyrir rúmu ári síðan, eða 27. júní 1975, og eins og alþjóð veit hefur frá þeim tíma orðið nokkur kauphækkun í krónum talin.

Valtýr vissi ekki hvort vöru-gjald, sem skipafélagin innheimta fyrir höfnina, hefði hækkad að þessu sinni, en hafnargjöldin sagði hann að hefðu verið að hækka smátt og smátt, og fyrir dyrum mun standa að hækka leigugjald á vöruskemnum.

Hækkunir á öllum þessum gjöldum eru háðar verðl. eftirl. Vegna þessara hækkana má því búast við almenri vöruverðshækkun, því ef að vanda lætur þurfa kaupmenn að fá bættu fyrrgreinda hækkun, en það eru þeir, sem þurfa að greiða hækkunina til skipafélaganna og allir vita hver síðan tekur á sig „auknar byrðir“ kaupmannastéttarinnar. —úþ.

Póstmenn mótmæla

A fundi hjá stjórn og samninganefnd Póstmannafélags Íslands (P.F.Í.), sem haldinn í fyrradag var gerð eftirfarandi samþykkt: Stjórn og samninganefnd Póstmannafélags Íslands mótmæla harðlega úrskurði kjaranefndar um sersamning fjármálaráðherra og P.F.Í.

Póstmenn telja að enn hafi dregið í sundur með þeim og öðrum félögum innan B.S.R.B., sem þeir áður voru í samfloti með og munu þeir ekki una þessum úrskurði og hljóta að gripa til röt-tækra aðgerða, ef ekki úr rættist.

Barum
BARUM BREGST EKKI

Vörubíla hjólbarðar
Kynnið ykkur hin hagstæðu verð.

TÉKKNESKA BIFREIÐAUMBODIÐ Á ÍSLANDI H/F
AÚDBREKKU 44—46 KÓPAVOGI SÍMI 42606

Barum

SÍS greiðir 136 milljónir

Samband íslenskra samvinnufélaga er hæsti skattgreiðandi félagi í borginni að þessu sinni og greiðir 136.760.780.00 krónur í skatta.

Flugleiðir greiða 76.3 milljónir króna í skatta í ár og Eimskipafélagið 63.1 milljón króna.

23 félög og fyrirtæki greiða meir en 15 milljónir króna í skatta.

En þótt gjöld SÍS séu svo áberandi hæst lendir það í 12. sæti hvað tekjuskattsgreiðslur áhrærir með 9,6 milljónir.

Mestan tekjuskatt greiðir Oliufélagið (ESSÓ), 47,4 milljónir, en samtals greiða 44 fyrirtæki og félög tekjuskatt yfir 4,5 milljónum króna.

SÍS greiðir hæst aðstöðugjald í borginni eða 71,3 milj. króna, Eimskip 37,9 milljónir og Flugleiðir 32,8 milljónir króna, en 27 fyrirtæki greiða 5 milljónir eða þar yfir í aðstöðugjald. SÍS greiðir 12 milljónir í eignaskatt en aðeins 24 fyrirtæki og félög greiða meir en 1,5 milljónir í eignaskatt.

—úþ.